

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn
frá Kristjáni L. Möller um veiðigjöld.

1. *Hver var heildarfjárhæð innheimtra veiðigjalda, almenns veiðigjalds annars vegar og sérstaks veiðigjalds hins vegar, samkvæmt lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012, fiskveiðiárið 2012/2013? Svar óskast sundurliðað eftir heimilisfesti greiðenda, þ.e. eftir sveitarfélögum annars vegar og kjördæmum hins vegar.*

Vegna þess hvernig úthlutun/álagningu er fyrir komið í smærri byggðarlögum, þar sem oft eru aðeins fáir aðilar í útgerð, þykir óeðlilegt vegna persónuverndarsjónarmiða að skipta álagningu veiðigjalda í svörum við þessari fyrirspurn niður á einstök sveitarfélög. Álagning eftir landshlutum er hins vegar eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

Innheimt veiðigjöld vegna úthlutaðs aflamarks 2012/2013 eftir landshlutum, millj. kr.

	Almennt veiðigjald	Sérstakt veiðigjald	Til innheimtu
Austurland	457	1.110	1.567
Norðurland eystra	744	1.274	2.018
Norðurland vestra	223	500	723
Reykjanes	573	342	915
Suðurland	895	1.888	2.783
Vestfirðir	310	205	515
Vesturland	334	239	573
Reykjavík	1.014	2.251	3.265
Nágrenni Reykjavíkur („Kraginn“)	128	156	284
Samtals	4.678	7.965	12.643

2. *Hver er áætluð heildarfjárhæð innheimtra veiðigjalda, almenns veiðigjalds annars vegar og sérstaks veiðigjalds hins vegar, samkvæmt lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012, fiskveiðiárið 2013/2014? Svar óskast sundurliðað eftir heimilisfesti ætlaðra greiðenda, þ.e. eftir sveitarfélögum annars vegar og kjördæmum hins vegar.*

Á þessu stigi er vandkvæðum bundið að áætla álagningu veiðigjalda sökum óvissu um úthlutun aflamarks í loðnu, makríl og fleiri stofnum sem koma til úthlutunar síðar á yfirstandandi fiskveiðiári (um almanaksáramót). Dreifa má áætluðum veiðigjöldum eins og upphafsúthlutun Fiskistofu 1. september 2013 gaf til kynna. Við nánari athugun þykir eðlilegra að dreifa áætluðum veiðigjöldum á sama hátt og niðurstaða síðasta árs var. Uppsývar- tegundir og þær tegundir sem úthlutað er um almanaksáramót dreifast á annan hátt en botn- fisktegundir sem úthlutað er um kvótaáramót. Þó má telja að verði úthlutað aflamarki í þessum nytjastofnum í samræmi við áætlanir (og landfræðileg skipting úthlutunar óbreytt)

að álagning veiðigjalda eftir landshlutum fiskveiðiárið 2013/2014 verði eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Áætluð veiðigjöld vegna aflamarks 2013/2014 eftir landshlutum, millj. kr.

	Almennt veiðigjald	Sérstakt veiðigjald	Alls veiðigjöld
Austurland	466	718	1.185
Norðurland eystra	759	824	1.584
Norðurland vestra	228	324	551
Reykjanes	585	221	806
Suðurland	914	1.222	2.135
Vestfirðir	316	133	449
Vesturland	341	155	496
Reykjavík	1.035	1.457	2.492
Nágrenni Reykjavíkur („Kraginn“)	131	101	232
Samtals	4.775	5.154	9.929

3. *Hver var heildarfjárhæð lækkana vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflahlutdeildum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012, fiskveiðiárið 2012/2013? Svar óskast sundurliðað eftir heimilisfesti gjaldenda, þ.e. eftir sveitarfélögum annars vegar og kjördæmum hins vegar.*

Heildarfjárhæð umræddrar lækkunar sérstaks veiðigjalds og skipting hennar á landshluta er eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Lækkun sérstaks veiðigjalds vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflahlutdeildum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II.

Fiskveiðiárið 2012/2013	Lækkun, millj. kr.
Austurland	19
Norðurland eystra	369
Norðurland vestra	1
Reykjanes	976
Suðurland	278
Vestfirðir	416
Vesturland	478
Reykjavík	196
Nágrenni Reykjavíkur („Kraginn“)	88
Samtals	2.821

4. *Hver er áætluð heildarfjárhæð lækkana vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflahlutdeildum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012, fiskveiðiárið 2013/2014? Svar óskast sundurliðað eftir heimilisfesti gjaldenda, þ.e. eftir sveitarfélögum annars vegar og kjördæmum hins vegar.*

Með reglugerð nr. 838/2012, um tímabundna lækkun sérstaks veiðigjalds, er mælt fyrir um heimild Fiskistofu til að ákveða hverju sjávarútvegsfyrirtæki, að uppfylltum nánari skilyrðum, tiltekinn hámarksrétt, í krónum talið, til lækkunar sérstaks veiðigjalds. Reiknuð heildarfjárhæð lækkunar sérstaks veiðigjalds á hverju fiskveiðiári ræðst af því hversu hátt sérstaka veiðigjaldið er, enda getur lækkun álagningar á hvert útgerðarfélag að hámarki num-

ið öllu álögðu sérstöku veiðigjaldi. Hámarksréttur hvers félags tekur breytingum milli fiskveiðiára í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Vegna þeirra óvissuþátta um fjárhæð sérstaks veiðigjalds á yfirstandandi fiskveiðiári sem greinir í svari við 2. tölul. fyrirspurnarinnar er nokkrum vandkvæðum bundið að áætla umrædda lækkun. Til þess er þó að líta að langflest þeirra fyrirtækja sem njóta lækkunar stunda að stærstum hluta botnfiskveiðar. Álagt sérstakt veiðigjald á úthlutaðar aflaheimildir í botnfiski lækkaði úr 23,20 kr. á þorskígildi á síðasta fiskveiðiári í 7,38 kr. á sérstakt þorskígildi á yfirstandandi fiskveiðiári. Að þessu virtu og að því gefnu að landfræðileg skipting úthlutunar verði óbreytt, má áætla að álagning veiðigjalda eftir landshlutum fiskveiðiárið 2013/2014 verði eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Áætluð lækkun sérstaks veiðigjalds vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflahlutdeildum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II.

Fiskveiðiárið 2013/2014	Lækkun, millj. kr.
Austurland	22
Norðurland eystra	208
Norðurland vestra	1
Reykjanes	429
Suðurland	131
Vestfirðir	184
Vesturland	197
Reykjavík	97
Nágrenni Reykjavíkur („Kraginn“)	33
Samtals	1.300

5. *Hve mikið hærrí hefði heildarfjárhæð sérstaks veiðigjalds verið fiskveiðiárið 2012/2013 ef fullt gjald hefði verið lagt á öll þorskígildiskiló það ár, þ.e. ef ekki hefði verið tekið tillit til gjaldfrelsis skv. a-lið 2. mgr. 9. gr. laga um veiðigjöld, nr. 74/2012, og afsláttar af gjaldi skv. b-lið hennar?*

Míðað við að mestur hluti „frítekjumarksins“ reiknist á botnfiskafla nemur umrætt gjaldfrelsi/afsláttur um 450 millj. kr. á fiskveiðiárinu 2012/2013. Ef þessa hefði ekki notið við hefði álagt sérstakt veiðigjald á fiskveiðiárinu 2012/2013 numið $7.965 + 450 = 8.415$ millj. kr.

6. *Hve mikið hærrí yrði áætluð heildarfjárhæð sérstaks veiðigjalds fiskveiðiárið 2013/2014 ef fullt gjald væri lagt á öll þorskígildiskiló það ár, þ.e. ef ekki væri tekið tillit til gjaldfrelsis skv. a-lið 2. mgr. 9. gr. laganna og afsláttar af gjaldi skv. b-lið hennar?*

Míðað við að mestur hluti „frítekjumarksins“ reiknist á botnfiskafla nemur umrætt gjaldfrelsi/afsláttur um 250 millj. kr. á yfirstandandi fiskveiðiári. Ef þessa nyti ekki við mundi álagt sérstakt veiðigjalds nema $5.154 + 250 = 5.404$ millj. kr.